

1939

Miðvikudaginn 2. desember 1992.

Nr. 50/1992. **Sigurbjörg Unnur Óskarsdóttir**

gegn

Íslandsbanka hf.,

Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,

Lífeyrissjóði verslunarmanna,

Almennu málflutningsstofunni sf.,

Gjaldheimtunni í Reykjavík og

Stellu Friðgeirsdóttur.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. febrúar 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti efir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að ómerkt verði þriðja og síðasta nauðungaruppboð, sem fram fór 4. nóvember 1991, á hluta fasteignarinnar Flúðasels 70 í Reykjavík, þinglesinni eign sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilarnir Íslandsbanki hf., Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gjaldheimtan í Reykjavík krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar. Íslandsbanki hf. og Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar krefjast þess jafnframt, að lögmaður sóknaraðila, Björgvin Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdur til þess að greiða þeim óskipt með sóknaraðila kærumálskostnað. Frá öðrum varnaraðilum hafa ekki borist kröfur.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Mál þetta var þingfest að beiðni Íslandsbanka hf. 13. desember 1990. Fyrri sala fór fram 25. febrúar 1991. Annað og síðara nauðungaruppboð var haldið 8. október sama ár, eftir að málinu hafði verið frestað fjórum sinnum. Hið kærða uppboð fór fram 4. nóv-

ember 1991, og var Stella Friðgeirsdóttir hæstbjóðandi með boð að fjárhæð 5.750.000 krónur.

Sóknaraðili hefur ekki stefnt til varna í Hæstarétti veðdeild Landsbanka Íslands sem fyrsta veðrétthafa og Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar sem öðrum veðrétthafa. Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru allir veðhafar meðal aðila uppboðs, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1991. Því verður eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Málskot þetta er sýnilega til þess eins fallið að tefja framgang nauðungarsölnunnar. Þetta verður að átelja harðlega og dæma sóknaraðila og lögmann hennar óskipt til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, sbr. 1. og 4. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigurbjörg Unnur Óskarsdóttir, og Björgvin Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður greiði in solidum varnaraðilunum Íslandsbanka hf., Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, Lífeyrissjóði verslunarmanna og Gjaldheimtunni í Reykjavík 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.